



## Skipulags- og byggingarnefnd

Fundur haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Blönduóssbæjar miðvikudaginn 26. apríl 2006 kl. 17:00 á bæjarskrifstofu. Mæting skv. undirskriftum.

Erindi og afgreiðslur:

1. Erindi frá Júlíusi Líndal.  
Erindi varðar breytingar á skipulagi/greiningu á lóð 2137264, Vallholti.  
Til samræmingar við þann atvinnurekstur sem fyrirtæki mitt, Júlíus Líndal ehf. starfrækir þar, óska ég eftir að svæðið verði skilgreint sem atvinnusvæði.  
Afgreiðsla:  
Skipulags- og byggingarnefnd hafnar erindinu á þeim forsendum að umsóknin kallar á breytingu á aðalskipulagi og gerð deiliskipulags sem er kostnaðarsöm aðgerð. Nefndin bendir á að ýmis svæði eru skipulögð sem iðnaðarsvæði og beinir því til Júlíusar að kanna frekar uppbyggingu á skipulögðum svæðum.
2. Erindi Olíuverslunar Íslands hf.  
Olíuverslun Íslands óskar eftir að fá að byggja nýja ÓB stöð við Hnjúkabyggð 34, Blönduósi.  
Afgreiðsla:  
Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti, þó með þeim fyrirvara að nefndin biður um frekari útfærslu á lóðinni og frágangi hennar ásamt árituðum uppdráttum hönnuða.
3. Önnur mál.  
Umsókn um byggingarlóð við Smárabraut 6 - 8 frá Trésmiðjunni Stíganda ehf., lagt fram til kynningar.  
Umsókn um byggingarlóð við Sunnubraut 9 -11 frá Sigurði Rúnari Magnússyni f.h. Drifkrafts ehf., lagt fram til kynningar.  
Umsókn um byggingarlóð við Smárabraut 10 -12 frá Lárusi B. Jónssyni, lagt fram til kynningar.

Skipulags- og byggingarnefnd bendir á í sambandi við kynningu umsóknanna, að svæði það er hér er verið að úthluta er ekki deiliskipulagt. Skipulags- og byggingarnefnd leggur áherslu á lögboðnum skipulagsreglum sé fylgt og deiliskipulagi lokið áður en til framkvæmda kemur.

Fleira ekki gert.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið.

Gauti Jónsson, varaformaður  
Páll Ingbór Kristinsson  
Vigdís Edda Guðbrandsdóttir  
Eyjólfur Þórarinsson, byggingarfulltrúi  
Andrés Leifsson, slökkviliðsstjóri

Ragnar Ingi Tómasson